



Auður Styrkársdóttir er einn af stofnendum aðstandendahóps Geðhjálpar.

FRETTABLAÐID/HEIBA

# Ætlum að búa til betri tíð

**Stofnfundur aðstandendahóps Geðhjálpar var haldinn um helgina. Hópurinn mun berjast fyrir betrubótum í málefnum geðsjúkra og aðstandenda. Hópurinn ætlar einnig að beita sér fyrir fræðslu um geðsjúkdóma og afleiðingar þeirra.**

Aðstandendahópurinn verður opin öllum sem eiga ættingja eða nákomna sem stríða við geðsjúkdóma og ganga í félagið Geðhjálpar. Auður Styrkársdóttir er einn af tuttugu stofnendum aðstandendahópsins en flestir í þeim hópi eru foreldrar sem eiga börn með geðsjúkdóma.

„Við teljum okkur hafa mikið fram að færa sem aðstandendur því við sjáum aðrar hliðar á geðheilbrigðismálum en heilbrigðisgeirinn,“ segir Auður. „Hópur fólks sem á ættingja sem glíma við geðsjúkdóma hefur verið að hittast um tveggja ára skeið. Hvatinn að formlegri stofnun hópsins var sá að okkur fannst ýmislegt skorta í þjónustuna og okkur fannst við þurfa að ná til fleiri.“ Auður segir hópurinn hafa farið á fundi með ráðherra, læknum og hjúkrunarfólki til að víða að sér upplýsingum. Hópurinn ætlar að taka fyrst á búsetumálum og endurhæfingu

sem að þeirra mati er alls ekki nógu góð. „Einnig ætlum við að beita okkur fyrir málum sem snúa að aðstandendum sjálfum. Fólk þarf styrkan stuðning í upphafi til að geta styrkt sína ættingja. Einnig þarf að huga að börnum og systkinum þeirra sem veikjast og skoða lagalegt umhverfi í sambandi við geðsjúkdóma,“ segir Auður. „Á næsta fundi okkar í nóvember stendur til að stofna búsetu- og endurhæfingahópa sem munu beita sér fyrir okkar óskalista í þeim efnum. Ætlunin er að hafa mánaðarlega fundi fyrir aðstandendur og stofna minni hópa sem vinna að einu máli í einu.“

Annar megintilgangur félagsins er að vinna gegn fordómum um geðsjúkdóma og efla fræðslu. Okkur finnst skipta máli að fólk sé upplýst um geðsjúkdóma og geðræn vandamál,“ segir Auður. Hópurinn er um þessar mundir í upplýsingaleit og ætlar að sækja fyrirmyndir til erlendra félaga sem hafa náð árangri á þessu sviði.

Enn sem komið er er hópurinn eina formlega aðstandendafélagið á landinu. Þar munu aðstandendur styrkja aðstandendur. „Við vonumst eftir góðu samstarfi við fagfólk því við þurfum á þekkingu og stuðningi þess að halda,“ segir Auður. „Við ætlum okkur að búa til betri tíð.“

[johannas@frettabladid.is](mailto:johannas@frettabladid.is)